

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. maí 2014
2014040024/42-0
KHS, OKN, TB
jgo/tb

Ósk um undanþágu til að nálgast hreiður, hafarna og fálka, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 22. apríl, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Guðbjarts Ísaks Ásgeirssonar um undanþágu til að nálgast fálka- og arnahreiður.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Þegar umsóknin barst hafði umsækjandi ekki haft samband við Náttúrufræðistofnun vegna þessa máls og hann hefur enga reynslu af því að mynda friðaðar fuglategundir á varptíma. Fyrir nokkrum dögum hafði umsækjandi samband við Náttúrufræðistofnun, að sögn eftir tilvísun frá Umhverfisstofnun. Þar óskaði hann eftir því að fá að koma með merkingamönnum í arnarhreiður í ár. Honum var tjáð að þegar væri búið að gefa allmögum aðilum vilyrði um slíkt og að ekki væri tök á að hafa fleiri aðila með í för. Jafnframt var honum tjáð að hann gæti borið þessa ósk upp við Náttúrufræðistofnun að ári. Náttúrufræðistofnun getur ekki mælt með því að umsækjanda verði veitt leyfi til að mynda við fálka- og arnahreiður.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

